

62. júlí. **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lán til kirkjubýggingar á Þingmúla.** — Í tilefni af beiðni hlutaðeigandi prests og tillögum hinnar heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dags. 30. desbr. f. á., veiti jeg Hallormsstaðar og Þingmúla prestakalli í Suðurmúlasýslu, eins og prestakall þetta nú er, eða síðar verður eptir lögum 27. febrúar 1880, 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til endurbýggingar kirkjunnar á Þingmúla, móti því, að lán þetta verði endurborgað á 10 árum með 100 kr. á ári og að greidd verði af því og þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er óborgað, 4 af hundraði í vöxtu á ári.

Þetta læt jeg ekki hjálíða hjermeð þjónustusamlega að kunngjóra hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til birtingar fyrir hlutaðeiganda.

63

### Reikningar

sjóða, sem standa undir stjórn amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

*Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1884.*

	Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Óborgað jafnaðarsjóðsgjald 1883 . . . . .		799,90	799,90
2. Samkvæmt brjefi amtsráðsins 7. jan. 1884 var 20 aurum jafnað að niður á hvert gjaldskylt lausafjórðungi; jafnaðarsjóðsgjald:			
a. úr Húnavatnssýslu . . . . .		811,90	
b. úr Skagafjarðarsýslu . . . . .		653,10	
c. úr Eyjafjarðarsýslu . . . . .		621,10	
d. úr Þingeyjarsýslu . . . . .		687,90	
e. úr Norðurmúlasýslu . . . . .		750,90	
f. úr Suðurmúlasýslu . . . . .		612,20	4137,10
3. Lán úr viðlagasjóði í tilefni af fjárkláðanum . . . . .		2000,00	2000,00
4. Borgaðar eptirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldinu 1883 . . . . .		799,90	799,90
5. Endurborganir:			
fyrir auglýsing um vogrek (útgjaldaliður 10) . . . . .		8,46	8,46
			7745,36
	Gjöld.	Kr.	Kr.
1. Skuld frá árinu 1883 . . . . .		2641,81	2641,81
2. Kostnaður við amtsráðið:			
a. fyrir amtsráðsfundi og skriptir . . . . .		234,50	
b. í tilefni af amtsráðskosningum . . . . .		112,40	346,90
3. Sáttamál:			
Eyðublöð og sáttabók . . . . .		6,00	6,00
4. Heilbrigðismál:			
a. kostnaður við bólusetningar . . . . .		514,25	
b. kostnaður við önnur heilbrigðismál . . . . .		43,80	558,05
5. Menntunarmál:			
a. til kvennaskólans á Laugalandi . . . . .		300,00	
b. til kvennaskólans á Ytríey . . . . .		300,00	
c. til alþýðuskóla í Grýtubakkahreppi . . . . .		100,00	
d. til amtsbókasafnsins . . . . .		100,00	800,00
6. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .		392,90	392,90